



# Hjólatriyging

Skilmáli E-39

Hjólatriyging þessi er sérsniðin trygging fyrir reiðhjól, rafmagnsreiðhjól, rafmagnshlaupahjól, rafmagnsvespur og rafdrifna hjólastóla. Hún samanstendur af þremur valkvæðum tryggingum; hjólakaskó, þjófnaðartryggingu og ábyrgðartryggingu.

Um váttrygginguna gilda váttryggingarskírteinið ásamt áritun og sérskilmálum, skilmálar þessir, almennir skilmálar félagsins nr. AS-1 og ákvæði laga um váttryggingarsamninga nr. 30/2004. Ákvæði í skilmála þessum ganga frammar ákvæðum í almennum skilmálum ef ekki er fullt samræmi þar á milli.

## Efnisyfirlit:

1. **Hjólakaskó (valkvæð)**
2. **Þjófnaðartrygging (valkvæð)**
3. **Ábyrgðartrygging (valkvæð)**
4. **Almenn ákvæði**

## Skilgreiningar

**Félagið:** Vörður tryggingar hf.

**Hjól:** Í skilmála þessum fellur eftirfarandi undir hugtakið hjól:

- a. **Reiðhjól;** Ökutæki sem er knúið áfram með stig- eða sveifarbúnaði skv. umferðarlögum nr. 77/2019.
- b. **Rafmagnshjól;** Hjól með stig- eða sveifarbúnaði, búið rafknúinni hjálparvél þar sem samfellt hámarksafl er 0,25 kW og afköstin minnka smám saman eða stöðvast alveg þegar hjólið hefur náð hraðanum 25 km á klst. eða fyrr ef hjólréiðamaðurinn hættir að stíga hjólið.
- c. **Rafhlaupahjól, tvíhjóra ökutæki á einum öxli, rafmagnshjólastóll og rafskutla;** Lítið rafknúið ökutæki sem ekki telst til léttis bifhjóls samkvæmt umferðarlögum og er hannað til aksturs á hraða frá 6 km á klst. upp í 25 km á klst.

**Váttryggður:** Váttryggður er eigandi þess hjóls sem getið er á váttryggingarskírteini. Váttryggðir í ábyrgðartryggingu eru váttryggingartaki, maki hans eða sambýlismaki og ógift börn 13 ára og eldri enda eiga þessir einstaklingar sameiginlegt lögheimili á Íslandi, búi á sama stað og hafi sameiginlegt heimilishald.

## 1. Kafli. Hjólakaskó (valkvæð)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini.

### 1. gr. Hvað bætir tryggingin?

Váttryggingin bætir tjón á hjólinu af völdum skyndilegra og óvæntra óhappa í flutningi, notkun eða geymslu á váttryggingartímabilinu.

### 2. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?

Váttryggingin bætir ekki:

- a. tjón vegna ónógra eða lélegra umbúða við flutning á hjóli.
- b. tjón sem stafa af eðlilegu sliti, galla, rangri samsetningu, ónógu viðhaldi, innri bilunum svo sem tæknilegum bilunum.
- c. tjón sem verður ef hjólið gleymist, týnist eða er skilið eftir á almannafæri yfir nótt.
- d. óbeint tjón sem leiða kann af bótaskyldum atburði.
- e. tjón sem rekja má til galla eða mistaka við uppsetningu/samsetningu.
- f. þjófnað á hjóli eða einstaka hlutum þess.

**3. gr. Hvað er váttryggt?**

Váttryggingin tekur til þess hjóls sem tilgreint er á váttryggingarskírteini. Undir trygginguna fellur einnig fatnaður, öryggisbúnaður eða annar aukabúnaður sem notaður er við hjólreiðar, enda sé þess getið á váttryggingarskírteini og tjónið er í beinum tengslum við bótaskyldu tjón á hjólinu sjálfu.

## 2. Kafli. Þjófnaðartrygging (valkvæð)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini.

**4. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin bætir þjófnað á hjóli sem tilgreint er á váttryggingarskírteini.

**5. gr. Hvað bæti tryggingin ekki?**

Váttryggingin bætir ekki þjófnað á einstaka hlutum hjólsins.

**6. gr. Hvað er váttryggt?**

Váttryggingin tekur til þess hjóls sem tilgreint er á váttryggingarskírteini.

## 3. Kafli. Ábyrgðartrygging (valkvæð)

Váttryggingin er innifalin ef hún er tilgreind á váttryggingarskírteini.

Samkvæmt íslenskum lögum bera menn skaðabótaábyrgð á tjóni sem þeir valda öðrum vegna mistaka eða vanrækslu. Þessi regla er nefnd sakarregla, og hún er grundvallarregla í íslenskum rétti. Ef sá sem sóttur er til greiðslu skaðabóta á ekki sök á tjóninu ber hann almennt ekki skaðabótaábyrgð. Hlutverk ábyrgðartryggingarinnar er að greiða tjónþola skaðabætur hafi váttryggður bakað sér skaðabótaábyrgð og tjónþoli ekki verið meðsekur eða meðábyrgur. Einnig að greiða kostnað sem váttryggður verður fyrir, ef skaðabótakrafa er gerð á hendur honum. Þar sem skaðabótaábyrgð er oft flókið lögfræðilegt úrlausnarefni, ber váttryggðum að leita samráðs við félagið um réttarstöðu sína, ef hann er krafinn um bætur vegna tjóns sem hann er talinn eiga sök á. Jafnframt er váttryggðum bent á að lesa ábyrgðartryggingarskilmálann með þetta í huga. Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu sinni skuldbindur aðeins hann sjálfan, en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa að greiða sjálfur skaðabætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

**7. gr. Hvað bætir tryggingin?**

Váttryggingin tekur til tjónsatvika sem eiga sér stað á váttryggingartímanum jafnvel þótt afleiðingar þess komi ekki fram fyrir en síðar.

**8. gr. Hvað bætir tryggingin ekki?**

Váttryggingin bætir ekki tjón:

- á munum sem hinir váttryggðu hafa til afnota, til geymslu, eða eru af öðrum orsökum í þeirra vörslu.
- á munum, sem hinir váttryggðu hafa tekið ófrjálsri hendi.
- sem rekja má til þess að hugbúnaði váttryggðs hjóls hefur breytt þannig að hámarkshraði þess er meiri en gildandi umferðarlög, nr. 77/2019, heimila.

Váttryggingin tekur ekki til atvika sem eiga sér stað áður en váttryggingin er tekin eða eftir að trygging fellur úr gildi.

**9. gr. Hvað er váttryggt?**

- Váttryggt er gegn þeirri skaðabótaskyldu er fellur á hinn váttryggða sem einstakling samkvæmt íslenskum lögum, við notkun váttryggðs hjóls enda sé skaðabótaskyldan bein afleiðing af tjóni á mönnum eða munum (þar með taldar fasteignir og dýr) og ekki viðtækari en venjuleg skaðabótaskylda utan samninga.
- Váttryggingin bætir slík tjón að því leyti sem tjónþoli (þriðji aðili) á ekki að bera tjónið sjálfur vegna meðsakar eða meðábyrgðar.
- Kostnaður við málsvörn, sem félagið hefur samþykkt að fara skuli fram, er innifalinn í tryggingunni.

#### 10. gr. Meðhöndlun skaðabótakröfu

Sé gerð skaðabótakrafa á hendur hinum váttryggða hefur félagið fyrirsvar vegna þeirrar kröfu og eru heimilar hvers kyns ráðstafanir til þess að meðhöndla kröfuna, svo sem viðurkenningu á bótaskyldu, verjast kröfunni eða gera um hana samkomulag enda eru þessar ráðstafanir á kostnað félagsins svo og málskostnaður vegna þeirra.

Félagið er ekki bundið af því ef váttryggður greiðir eða viðurkennir skaðabótakröfu nema leitt sé í ljós að váttryggður gerði aðeins það sem honum var skylt að lögum er hann greiddi kröfuna eða viðurkenndi réttmæti hennar.

Viðurkenning váttryggðs á skaðabótaskyldu skuldbindur aðeins hann en ekki félagið. Váttryggður getur því með slíkri viðurkenningu átt það á hættu að þurfa sjálfur að greiða bætur vegna tjóns, sem ábyrgðartryggingin tekur ekki til.

## 4. Kafli. Almenn ákvæði

#### 11. gr. Hvar gildir tryggingin?

Váttryggingin gildir á Íslandi og á ferðalögum erlendis, í allt að 92 daga talið frá brottfarardegi frá Íslandi.

#### 12. gr. Váttryggingarfjárhæð

Váttryggingarfjárhæð nemur þeirri fjárhæð sem fram kemur á váttryggingarskírteini. Fjárhæðir sjálfsábyrgða í þessari váttryggingu fylgja þróun verðlags í landinu og breytast þessar fjárhæðir því samkvæmt vísitölu neysluverðs við hverja endurnýjun þessarar váttryggingar.

Váttryggingarfjárhæðin, sem er sú hámarksfjárhæð bóta sem félagið greiðir vegna hinna váttryggðu hagsmuna á hverju váttryggingartímabili, er tilgreind á váttryggingarskírteini. Verði fleiri en eitt tjónsatvik af sömu orsök teljast þau vera af völdum eins váttryggingaratburðar.

Félagið greiðir vexti af bótafjárhæð og kostnað, sem til er stofnað með samþykki félagsins til þess að skera úr um skaðabótaskyldu váttryggðs, enda þótt greiðsla félagsins fari af þeim sökum fram úr váttryggingarfjárhæðinni. Sé váttryggingarfjárhæðin lægri en höfuðstóll bótafjárhæðar, greiðist aðeins sá hluti kostnaðar og vaxta, er svarar til váttryggingarfjárhæðarinnar.

#### 13. gr. Takmarkanir eða varúðarreglur

Váttryggðum og þeim sem samsamast honum ber að fara eftir þeim varúðarreglum sem félagið setur hér að neðan eða á váttryggingarskírteini. Misbrestur á því getur leitt til skerðingar eða brottfalls bótaábyrgðar skv. 26. gr. laga nr. 30/2004.

Váttryggðum ber að sýna eðlilega aðgát við vörslu hjólsins. Hið váttryggða hjól skal vera tryggilega læst þegar það er ekki í notkun eða geymt í læstum geymslum, öðrum húsakynnum, bifreiðum eða bátum. Hafi fleiri en váttryggður aðgang að læstum geymslustað, s.s. í sameign fjöleignarhúsa eða á vinnustað, skal hjólið vera tryggilega læst. Læsa skal hjólinu við fastan hlut þegar það eru utandyra og notast skal við viðurkennda lása fyrir váttryggt hjól. Váttryggður skal ekki skilja eftir aukabúnað á hjólinu á almannafæri, sem unnt er að fjarlægja með einföldum hætti, enda þótt hjólið sé læst.

Váttryggðum ber að fara eftir lögum, reglum og lögreglusamþykktum um umferðarmál og hjólréiðar og virða aldurstakmörk framleiðanda hjólsins.

Váttryggður skal gæta þess að hjól sé í góðu ástandi. Sérstaklega skal þess gætt að stýrisbúnaður, hemlar, ljósa- og merkjabúnaður og öryggis- og verndarþúnaður hjóls sé í lögumæltu ástandi og virki örugglega.

Ekki skal gera breytingar á hraðatakörkunum hjóla þannig það komist umfram þann hraða sem það er hannað fyrir skv. 3. gr. 1. kafla skilmálans.

#### 14. gr. Ákvörðun bóta

Bætur miðast við það að fjárhagsstaða váttryggðs verði sú sama og fyrir tjónið, að svo miklu leyti sem unnt er. Félaginu er heimilt að bæta tjón með peningagreiðslu, greiða kostnað af fullnægjandi viðgerð á hinum skemmda hlut eða afhenda váttryggðum heila samsvarandi muni og tjón varð á. Þegar um peningagreiðslu er að ræða, nemur fjárhæð bóta að hámarki þeirri fjárhæð sem félagið hefði greitt fyrir viðgerð eða enduröflun hins váttryggða.

Þegar um algert tjón er að ræða miðast bætur við verð á nýjum hlutum að teknu tilliti til afskrifta vegna aldurs hins váttryggða, skv. eftirfarandi afskriftarreglum:

| Aldur                 | Afskriftir |
|-----------------------|------------|
| <b>0-1 ára</b>        | 0%         |
| <b>1-2</b>            | 10%        |
| <b>2-3</b>            | 25%        |
| <b>3-4</b>            | 40%        |
| <b>4-5</b>            | 55%        |
| <b>5 ára og eldri</b> | 70%        |

Minjagildi muna eða hvers kyns persónulegt gildi þeirra bætist ekki.

Glataðir eða stolnir munir sem koma fram eftir að bótagreiðsla hefur verið innt af hendi eru eign félagsins og skal þeim skilað til þess. Váttryggður getur þó haldið munum ef hann óskar þess, með því að endurgreiða bæturnar.

Félaginu er heimilt að krefjast afhendingar á skemmdum munum sem það hefur bætt að fullu. Teljast þeir þá eign félagsins.

#### 15. gr. **Áhættuaukning**

Iðgjald þessarar váttryggingar fer eftir notkun váttryggðs hlutar eða starfsemi sem hann er notaður í og gefnar eru upplýsingar um við váttryggingartöku. Sé tiltekin ákveðin notkun/starfsemi á hinu váttryggða á váttryggingarskirteini og notkun/starfsemi breytist ber váttryggðum og/eða þeim sem réttar njóta samkvæmt váttryggingu þessari að tilkynna félaginu það jafnskjótt og þeim er kunnugt um breytinguna. Misbrestur á því getur valdið takmörkun á ábyrgð félagsins skv. 25. gr. laga nr. 30/2004.

Skilmáli þessi gildir frá 01.10.2022